

**Tillögur og greinargerðir vegna fundar Reykjavíkurráðs ungmenna
með borgarstjórn Reykjavíkur
26. mars 2019**

1) Tinna Kjartansdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um flokkunartunnur á almenningssvæðum í Reykjavík:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis – og skipulagssviði að setja upp flokkunartunnur á almenningssvæðum í Reykjavík og fjölga þeim á helstu svæðum borgarinnar fyrir árslok 2019.

Greinargerð:

Aukin vitundavakning hefur verið í samfélaginu undanfarið tengt loftslagsmálum sem sýnir að almenningur krefst þess að umhverfismál séu tekin fastari tökum. Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða telur þetta mikilvægt skref í rétta átt til að stuðla að betri flokkun í Reykjavík og meðvitund um mikilvægi þess að flokka.

2) Ingvar Steinn Ingólfsson, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að tryggja samráð við börn og ungmenni um öll málefni sem varða þau:

Lagt er til að borgarstjórn Reykjavíkur samþykki að fela mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að gera áætlun um að tryggja samráð Reykjavíkurborgar við börn og ungmenni um öll mál sem þau varða fyrir skólabyrjun haustið 2019.

Greinargerð:

Börn og ungmenni lenda ítrekað í því að ekki er tekið tillit til þeirra skoðana í ákvörðunum sem teknar eru og varða þau í samfélaginu. Samráð um mál sem varða þeirra hagsmuni skuli vera tryggt á grundvelli 12. greinar Barnasáttmálans sem lögfestur var á Alþingi þann 20. febrúar 2013. Þar kemur fram að aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem þau varða. Einnig kemur fram að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

3) Embla Nótt Pétursdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukna viðveru hjúkrunarfræðinga á skólatíma:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að auka viðveru hjúkrunarfræðinga í grunnskólum borgarinnar eigi síðar en skólaárið 2019-2020.

Greinargerð:

Eins og staðan er núna eru aðeins fjórir skólar af þeim 39 í Reykjavík sem uppfylla núverandi kröfur um hjúkrunarfræðing í fullri stöðu. Hjúkrunarfræðingar gegna mjög mikilvægu og margþættu hlutverki í grunnskólum og margir minni skólar eru ekki að njóta sömu þjónustu vegna fjölda nemenda. Ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða leggur til að gerðar verði ráðstafanir til þess að auka viðveru hjúkrunarfræðinga í grunnskólum borgarinnar.

4) *Freyja Dögg Skjaldberg, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um frístundastarf fyrir ungmenni 16 ára og eldri:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að tryggja fjármagn til skóla- og frístundasviðs svo hver félagsmiðstöð geti veitt ungmennum á aldrinum 16-20 ára frítímaþjónustu á skólaárinu 2019-2020.

Greinargerð:

Stökkið úr grunnskóla yfir í menntaskóla er erfitt fyrir flesta og að hafa stað þar sem ungmenni geta hist og átt saman stundir getur hjálpað þeim að komast betur inn í félagslífið. Í stefnu Reykjavíkurborgar um frístundaþjónustu til 2025 kemur fram að koma þurfi til móts við þarfir 16+ hópsins um frístundaþjónustu í hverfum borgarinnar. Ungmennaráð Laugardals, Háaleitis og Bústaða leggur því til að fjármagn verði tryggt til þess að félagsmiðstöðvar geti veitt þessa þjónustu.

5) *Gabriel Smári Hermannsson, fulltrúi í ungmennaráði Kjalarness*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um aukna athygli og sorphirðu á grenndarstöðvum:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að veita grenndarstöðvum aukna athygli, gera úttekt á umhverfi og staðsetningu, skipuleggja svæði þeirra betur og auki tíðni sorphirðu.

Greinargerð:

Sorphirða er mikilvæg til þess að við getum lifað í nútímasamfélagi. Auknar kröfur eru á að heimilin flokki það sorp sem til fellur og þarf aðstaða til flokkunar að vera til staðar í nærumhverfi. Í Reykjavíkurborg eru grenndargámar víða en misvel er staðið að umhverfi og staðsetningu þeirra. Þeir eru ekki allir staðsettir á skjólsælum svæðum og eru tæmdir of sjaldan sem veldur því að þeir fyllast og rusl sveimar í kringum þá og nærumhverfi þeirra. Við viljum að Reykjavíkurborg hugi að staðsetningu og umhverfi þessara grenndargáma og auki tæmingu þeirra eins fljótt og auðið er.

6) *Ásdís María Hrafnadóttir og Bryndís Ýr Sigurþórsdóttir, fulltrúar í ungmennaráði Grafarvogs*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um aukið nemendalýðræði:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisráð að auka nemendalýðræði í grunnskólum Reykjavíkur með því að gefa nemendum möguleika á því að ráðstafa hluta af fjármagni skólans.

Greinargerð:

Meginmarkmið nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi. Skólinn er okkar samfélag. Eini vettvangurinn sem nemendur hafa í dag til formlegs samráðs við skólayfirvöld er skólaráð og við í ungmennaráði Grafarvogs teljum það ekki bera tilætlaðan árangur. Að okkar mati er skólaráð sýndarlýðræði og því viljum við fá alvöru tækifæri til áhrifa í okkar skólasamfélagi. Þess vegna leggjum við til að bein áhrif nemenda á sitt samfélag verði aukin og þeim gefinn möguleikinn á því að

ráðstafa hluta af fjármagni skólans. Með þessu er verið að veita börnum fjölbreytt tækifæri til sköpunar og tjáningar sem einnig er hluti af leiðarljósi nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar. Við teljum raunhæft að hægt væri að hrinda þessu verkefni í framkvæmd haustið 2020.

7) Aldís Lóa Benediktsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Breiðholts

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um táknmálakennslu í grunnskólum:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að innleiða táknmálakennslu í alla grunnskóla Reykjavíkurborgar, eigi síðar en vorönn 2020.

Greinargerð:

Um 300 Íslendingar líta á táknmál sem sitt fyrsta mál. Hlutfallslega fáir tala táknmál og þar af leiðandi upplifir þessi hópur ákveðna félagslega einangrun. Í lögum um táknmál kemur fram að sveitarfélög beri ábyrgð á því að stuðla að táknmálnotkun og skilning þess. Ungmennaráð Breiðholts leggur til að Reykjavíkurborg bregðist við með því að sjá öllum nemendum í grunnskólum Reykjavíkur fyrir grunnfræðslu í táknmáli og þannig stuðlað að samfélagi sem er opið öllum.

8) Kristín Lára Torfadóttir, fulltrúi í ungmennaráði Árbæjar og Holta

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um flokkun sorps á öllum starfsstöðum Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að setja flokkunartunnur á alla vinnustaði Reykjavíkurborgar fyrir árslok 2019 og taka upp skyldu að flokka sorp. Jafnframt er lagt til að fela umhverfis- og skipulagssviði að standa fyrir aukinni fræðslu um umhverfismál fyrir árslok 2020.

Greinargerð:

Innblástur tillögunnar kemur frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en þar kemur fram í ellefta markmiðinu, sem fjallar um sjálfbærar borgir og samfélög, að fyrir árið 2030 skuli vera búið að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs. Með flokkunartunnum á öllum starfsstöðum tæki Reykjavíkurborg skref í átt að því að uppfylla heimsmarkmiðin. Átak færi svo fram samhliða við að fræða starfsfólk borgarinnar og börn í skóla- og frístundastarfi um flokkun og umhverfismál. Lagt er til að tveir ábyrgðaraðilar á hverjum starfsstað beri ábyrgð á þessu verkefni.